# Tilkynning um kæru, málsnúmer 502024

| | |
|---|---|
| Búið til | 22.4.2024 16:35:59 |
| Höfundur | Anna María Arnardóttir |
| Móttekið dags. | 22.4.2024 15:32:24 |
| Tilheyrir | USK24040247 - Lofnarbrunnur 30 - Kæra 50/ 2024 - Stækkun lóðar |

## Efni

| |
|---|
| Tilkynning um kæru, málsnúmer 502024 |

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Móttekið dags. | 22.4.2024 15:32:24 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Málalykill | 00.15.02 Kærur og dómsmál | | |
| Lykilorð | kærur | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is) |
| Til | usk@reykjavik.is |
| Cc | [redacted] |

## Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru Kötlu Sifjar Friðriksdóttur og Grétar G. Hagalíns vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024 um að leggja á dagsektar frá og með 20. sama mánaðar. Hefur kærumálið hlotið málsnúmerið 50/2024. Vakin er athygli á því að kæra barst úrskurðarnefndinni 19. apríl 2024 en í dag 22. apríl 2024 barst greinargerð kærunnar.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Þess er vinsamlegast óskað að gögn málsins verði afhent úrskurðarnefndinni með skipulegum hætti, eftir atvikum með fylgiskjalalista. Ekki er þörf á að afhenda gögn sem fylgdu með kæru.

Með kveðju,

**Unnþór Jónsson lögfræðingur**
Úrskurðarnefnd umhverfis- og
auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is
(https://eur01.safelinks.protection.outlook.
com/?
url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data
=05%7C02%7Cusk%40reykjavik.is%7C3f0e
573edf704f7df6a208dc62e16ec2%7C6aed
0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7
C0%7C638493967983982908%7CUnknown
%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMD
AiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI
6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=3HXL
yr058QGumWWBd8z%2F6wg1ot0Cib97lBS
zffhTqRQ%3D&reserved=0) - Fyrirvari/Discl
aimer
(https://eur01.safelinks.protection.outlook.
com/?
url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is
%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-
email-
disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cusk%40
reykjavik.is%7C3f0e573edf704f7df6a208dc
62e16ec2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72
bdd10088%7C0%7C0%7C63849396798399
2379%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJ
WIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBT
iI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7
C%7C&sdata=31pwLNxfu5jtaik8hLRAs9QA
J8UBImZhCBheZFa%2FeA0%3D&reserved=
0)

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

LMG
LÖGMENN | LEGAL SERVICES

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

**Kæra:**

Fyrir hönd Kötlu Sifjar Friðriksdóttur, [redacted] og Grétars G. Hagalín, [redacted] er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um álagningu dagsekta, dags. 19. mars 2024, kærð og þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

## I. Umboð

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður fer með mál þetta fyrir hönd kærenda.

## II. Kæruefni

Kærð er sú ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024, sem barst kærendum með bréfi þann 4. apríl 2024, þar sem ákveðið var að leggja á kærendur dagsektir að fjárhæð kr. 25.000 fyrir hvern dag sem kærendur draga það að verða við kröfum byggingarfulltrúa. Í bréfinu, sem dagsett er 19. mars 2024, kemur fram að dagsektir verði innheimtar frá og með 20. mars 2024.

Í ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 19. mars 2024, var kærendum bent á heimild til að skjóta ákvörðuninni til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá því að kunnugt varð um hina kæranlegu ákvörðun, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um Úrskurðarnefnd umvherfis- og auðlindamála.

Með þessari kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin taki til kærumeðferðar ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 19. mars 2024 og ógildi hana með vísan til meðalhófs.

Greinargerð ásamt gögnum verður skilað til nefndarinnar á næstu dögum

Áskilinn er réttur til að koma að frekari kröfum og andsvörum við upplýsingum sem kunna að koma fram við meðferð kærunnar.

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, lögmaður